

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/678
komudagur 4.12.2007

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

3. desember 2007
Tilvísun: 2007110071

Umsögn um frumvarp til laga um sértryggð skuldabréf, 196. mál, 135. löggjafarþing 2007-2008, heildarlög.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 15. nóvember 2007, þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um sértryggð skuldabréf.

Með lagafrumvarpinu er markmiðið að skapa umgjörð um að viðskiptabankar, sparisjóðir eða lánaþyrirtæki geti hlotið leyfi til þess að gefa út sértryggð skuldabréf, sem hafi sérstakan tryggingarrétt og fullnusturétt í safni eigna sem tilheyra útgefanda hins sértryggða skuldabréfs. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins átti sæti í nefnd þeirri sem samdi lagafrumvarpið.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og hefur eftirfarandi athugasemdir:

1. Afgreiðsla á umsókn um leyfi - 4. gr.

Fjármálaeftirlitið leggur til að umsókn um leyfi skuli afgreitt innan sex mánaða frá því að fullnægjandi gögn berast. Það er í samræmi við ákvæði í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki, svo sem varðandi veitingu starfsleyfa.

Fjármálaeftirlitið leggur til að 4. gr. frumvarpsins verði orðuð á eftirfarandi hátt:

"Þegar lögð hefur verið fram umsókn um leyfi skal Fjármálaeftirlitið afgreiða hana innan sex mánaða frá þeim degi er því bærust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgjögnum"

2. Sjálfstæður skoðunarmaður - 21. gr.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við framangreint ákvæði og telur rétt að eftirlitið staðfesti skipun skoðunarmanns frekar en að eftirlitið skipi hann sjálfstætt. Í ljósi þess að Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með útgáfu sértryggðra skuldabréfa telur eftirlitið eðlilegra að það sé ekki í höndum sama aðila að skipa viðkomandi skoðunarmann.

Fjármálaeftirlitið leggur til að nýtt orðalag ákvæðisins verði eftirfarandi:

"Útgefandi skal skipa sjálfstæðan skoðunarmann til eftirlits með útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt leyfi fyrir. Útgefandi skal leita eftir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á skipun skoðunarmanns. Skoðunarmaður þarf að uppfylla hæfisskilyrði sem kveðið er á um í reglum Fjármálaeftirlitsins, sbr. 8. tl. 25. gr. laganna.

Þegar farið er fram á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á skipun skoðunarmanns skal útgefandi gera grein fyrir hugsanlegum tengslum skoðunarmanns við útgefanda og helstu fyrirsvarsmenn hans."

3. Helstu verkefni skoðunarmanns - 22. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem Fjármálaeftirlitið leggur til á 21. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 2. mgr. 22. gr. verði eftirfarandi:

"Skoðunarmaður skal veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar sem hann fær í starfi sínu svo oft og í því formi sem óskað er eftir af hálfu eftirlitsins og umfram það ef sérstök ástæða er til"

4. Sérgreind tilkynningarskylda og bann við útgáfu - 29. gr.

Fjármálaeftirlitið telur óheppilegt að eftirlitið eigi að framkvæma mat á því hvort sú útgáfa sem kveðið er á um í ákvæðinu stofni hagsmunum annarra lánardrottna í hættu. Að mati Fjármálaeftirlitsins er eðlilegra að útgefandi beri ábyrgð á því að tryggja að slík útgáfa stofni ekki hagsmunum annarra lánardrottna í hættu.

Fjármálaeftirlitið leggur til að nýtt orðalag 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins verði eftirfarandi:

"Útgefandi ber ábyrgð á að slík útgáfa stofni ekki hagsmunum annarra lánardrottna í hættu."

Fjármálaeftirlitið telur hins vegar að á grundvelli almennra heimilda í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og í lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, geti eftirlitið bannað slíka útgáfu, t.d. ef útgáfa teldist ekki í samræmi við heilbrigðan og traustan rekstur eða brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti.

5. Kostnaður við eftirlit

Að lokum gerir Fjármálaeftirlitið athugasemdir við umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið þar sem fram kemur að kostnaður vegna eftirlits aukist óverulega og að sá kostnaður verði fjármagnaður með eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999. Fjármálaeftirlitið telur að verði frumvarpið að lögum sé þörf á starfsmanni sem hafi með höndum framkvæmd og yfirsýn yfir málaflokkinn og munu umsvif eftirlitsins þar af leiðandi aukast. Af þeim sökum mun kostnaður Fjármálaeftirlitsins aukast sem því nemur.

Að öðru leyti gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Guðbjörg Bjarnadóttir

Helga Rut Eysteinsdóttir
Helga Rut Eysteinsdóttir